

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulag, Vaðnes, 4. áfangi.*

Deiliskipulagið tekur til hluta frístundasvæðis F26 skv. aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir 31 sumarhúsalóð á 24,7 hektara svæði. Samþykkt í sveitarstjórn 19. september 2023.

*Deiliskipulagsbreyting, Vaðnes, 3. áfangi.*

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu á deiliskipulagi 3. áfanga frístundabyggðar að Vaðnesi þar sem vegtenging að 4. áfanga er skilgreind. Samþykkt í sveitarstjórn 19. september 2023.

*Deiliskipulag, frístundabyggð við Úlfjótsvatn.*

Deiliskipulagið tekur til frístundabyggðar við Úlfjótsvatn, L170830. Í skipulaginu er gert ráð fyrir 26 frístundahúsum auk Úlfjótsskála. Heimilað byggingarmagn innan svæðisins eykst í takt við uppfærðar byggingarheimildir. Við gildistöku þessa skipulags fellur úr gildi eldra skipulag og uppdættir. Samþykkt í sveitarstjórn 19. september 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 21. september 2023.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 5. október 2023